

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í Sveitarfélaginu Vogum.

Iðndalur.

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Voga samþykkti þann 26. október 2017 breytingu á deiliskipulagi fyrir Iðndal.

Breytingin felst í eftirfarandi: Bætt er við aðkomuleið að baklóðum á milli lóða við Iðndal 15 og 23. Nafnbreyting er gerð á lóðum við Iðndal 5 og 5A sem verða Stapavegur 5 og 5A. Breyting er gerð á lóðarmörkum við Stapaveg 5, 5A og 7. Lóð við Stapaveg 7 stækkar til suðurs og minnka lóðir við Stapaveg 5 og 5A vegna þess. Lóð við Stapaveg 7 stækkar úr 7.457 m² í 8.294 m². Lóð við Stapaveg 5 minnkar úr 1.075 m² í 813 m². Lóð við Stapaveg 5A minnkar úr 2.078 m² í 1.524 m². Vegna breyttra lóðarmarka breytast byggingarreitir og aðkoma akandi umferðar að lóðum við Stapaveg 5 og 5A. Lóðarmörk og lóðarstærð við Iðndal 1 eru leiðrétt. Nýtingarhlutfall lóða hækkar úr 0,4 í 0,5.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð skv. 42. gr. og 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Iðnaðarsvæði við Vogabraut.

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Voga samþykkti þann 26. október 2017 breytingu á deiliskipulagi fyrir iðnaðarsvæði við Vogabraut.

Breytingin felst í eftirfarandi: Lóðirnar við Heiðarholt 2, 2a og 4 eru sameinaðar í eina lóð, Heiðarholt 2. Stærð sameinaðar lóðar er 6.725 m². Vegna sameiningar lóðanna eru gerðar breytingar á byggingarreitum og verður einn byggingarreitur innan sameinaðrar lóðar. Stærð og lega byggingarreitsins er í samræmi við byggingarreiti aðliggjandi lóða til suðurs, sem og bindandi byggingarlína. Sjálfsafgreiðslustöð eldsneytis sem gert var ráð fyrir á lóðinni fellur út eftir breytinguna og er því ekki þörf fyrir einstefnu aðkomuleið akandi umferðar inn á lóðina frá Vogabraut og fellur hún út. Jarðvegsmön norðan Vogabrautar mun framlengjast um 50 m. Gert er ráð fyrir húsgerð A innan sameinaðrar lóðar og verður nýtingarhlutfall það sama og fyrir húsgerð A eða 0,4. Lóð dreifistöðvar við Hraunholt 1a hliðrast um breidd sína eða 6 m til vesturs í átt að Heiðarholti.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð skv. 42. gr. og 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Vogum, 22. nóvember 2017.

Ásgeir Eiríksson bæjarstjóri.